

Nr. 2735 Síðan 1968
57. árgangur

Fimmtudagur 18. janúar 2024

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Útisvæði Sundhallar Selfoss lokar



Á þriðjudag tilkynnti starfsfólk Sundhallar Selfoss að útisvæðinu yrði lokað kl. 14 samdægurs vegna kuldatíðar og verður staðan metin daglega þangað til tekst að opna aftur. Áfram verður opið í innilaugar og sauna.

Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún.

Kosið um nafnabreytingu á Skeiða- og Gnúpverjahreppi



Mynd: Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps var íbúakosning um nafnabreytingu á sveitarfélagini samþykkt. Kosið verður um nýtt nafn á sveitarfélagið samhliða forsetakosningum þann 1. júní nk.

Í fundargerð segir að Haraldur Þór Jónsson

sveitarstjóri telji það mikilvægt að breyta nafni sveitarfélagsins þar sem nýtt nafn beri sterkari tengingu til staðsetningar á Íslandi, sé þjálla í notkun og gegni mikilvægu hlutverki í því að skapa ímynd sveitarfélagsins til framtíðar.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að góð umræða fari fram um mögulega nafnabreytingu og forsendu hennar. Samþykkt var að boða til íbúafundar í mars, þar sem málið verði kynnt og rætt.

Gunnar Örn Marteinsson sat hjá við afgreiðslu tillögunnar og telur ekki þörf á að breyta um nafn á sveitarfélagini. „Verði farið í þá vegferð tel ég að óska eigi eftir hugmyndum að nafni og síðan verði valdar tvær eða þrjár hugmyndir og kosið um þær.“



Myndir: HSÍ. Samsetning: Sunnlenska.is.

Handboltahetjur FSu samankomnar á EM

Þegar þetta er ritað er leikur Íslands gegn Ungverjum á Evrópumóti karlalandsliða í handbolta framundan. Jón Özur Snorrason íslenskukennari og fréttastjóri FSu segir það ekki úr veki að draga fram þá lykilleikmenn liðsins sem stundað hafa nám við skólann. „Það er líka bæði fróðlegt og gaman og fullyrða má að enginn framhaldsskóli landsins geti tengt sig við svo marga hæfileikamenn í sama liðinu,“ segir Jón Özur.

Þeirra fyrstur til að stunda nám við FSu var Bjarki Már Elísson sem sótti akademíuna 2006 til 2009 og kynntist í kjölfarið númerandi eiginkonu sinni sem er frá Selfossi. Þá var Janus Daði Smáason í námi við FSu 2011 til 2012 og er af mikilli íþróttætt því móðir hans er systir Þóris Hergeirssonar eins færasta handboltaþjálfara í heimi. Ómar Ingi Magnússon sækir skólann 2013 til 2015 en hans ættir liggja í Flóann að Haugi en karlleggur þeirrar

ættar er þekktur fyrir mögnuð glímutök. Elvar Órn Jónsson stundar hér nám 2013 til 2016 og Haukur Þrástason 2017 til 2021. Elvar og Haukur og reyndar líka Teitur Órn Einarsson, sem er næsti maður inn í landsliðið, eru úr magnaðri sunnlenskri afreksfjölskyldu sem kennd er við Hurðarbak í Flóa. Því má svo við bæta að hinn trausti og tryggi sjúkraþjálfari landsliðsins Jón Birgir Guðmundsson er faðir Elvars Arnar og því af Hurðarbaksætt og bróðir Ólafs Guðmundssonar sem á fjölmörg HSK met í frjásum og stundar ennpá afreksíþróttir.

Af þessu tilefni fékk Jón Özur þá Guðmund Karl Sigurdórrsson, ritstjóra Sunnlenska.is, til að setja saman meðfylgjandi mynd úr myndum af vef HSÍ, Sigursvein Sigurðsson aðstoðarskólameistara til að fletta upp í skránum og Kjartan Ólason, kennara við FSu, til að ættrekja þá, áður en hann batt allt saman og birti á vef skólans.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi

Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

Neyðarsími 660 1160

Arvirkinn

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing

Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrla@keyrla.is - www.keyrla.is - [f /keyrla.is](#)

Náttúrulega Hveragerði

Í lok ársins 2023 samþykkti bæjarstjórn Hveragerðisbær fjárhagsáætlun 2024 - 2027. Áætlunin var unnin af bæjarfulltrúum meirihluta í góðu samstarfi við bæjarstjóra, skrifstofustjóra og aðra starfsmenn bæjarins. Áætlunin er metnaðarfull, hófstillt í gjaldskrárhækkunum en jafnframt áætlun um mikla uppbyggingu í stækkanseiði sveitarfélaga. I áætluninni eru lagðar fram áherslur meirihlutsamnings Framsóknar og Okkar Hveragerðis.

að heildarfjárfesting á árinu 2024 verði tæpar 1.318 milljónir króna.

Stærstu framkvæmdir ársins verða eftirfarandi:

- Áætlað er að framkvæmdir við þriðja áfanga Grunnskólangs í Hveragerði klárist á árinu 2025 og er gert ráð fyrir fjárfestingum í það verkefni á árinu 2024 að fjárhæð 500 m.kr. en framlag Sveitarfélagsins Ölfuss er 70 m.kr. af því.
- Viðhald í grunnskólanum að fjárhæð 15,5 m.kr. á árinu.
- Gert er ráð fyrir að 100 m.kr. fari í viðbyggingu á Leikskólanum Óskalandi þar sem leikskólaplássum fjölgar og starfsmannaðstaða verður bætt.
- Á árinu 2024 er jafnframt gert ráð fyrir 500 m.kr. í íþróttamannvirki þar sem samþykkt hefur verið að byggja upphit-aðan gervigrasvöll í Ölfusdal ásamt því að stækka númerandi íþróttahús við Skólamörk.
- Áætlaðar fjárfestingar vagna gatnagerðar á árinu eru 242 m.kr. og gert er ráð fyrir tekjum af þeim framkvæmdum að fjárhæð 651 m.kr.
- Utanhússklæðning á þjónustufibúðir við Birkimörk 50 m.kr.
- Kaup á félagslegu húsnæði 40 m.kr.
- Fjárfestingu fyrir 100 m.kr. í fráveitu bæjarins og 10 m.kr í vatnsveita.



Hafrannsóknastofnunar á lífríki Varmár sem afar aðkallandi er að fara í.


Áætlun til þriggja ára

Áætlaðar fjárfestingar árið 2025 eru 1.404 m.kr., árið 2026 1.080 m.kr. og árið 2027 770 m.kr. Stærstu fjárfestingarnar er bygging þriðja og fjórða áfanga grunnskólangs, leikskóli í Kambalandi, íþróttamannvirki, hjúkrunarheimili, fráveita og vatnsveita. Allt eru þetta framkvæmdir sem nauðsynlegt er að fara í vegna íbúafjölgunar undansfarinna ára og þeirri fjölgun sem áætlað er að verði á næstu árum.

Náttúrulega Hveragerði

Hveragerðisbær er í örum vexti og fram undan eru metnaðarfull verkefni. Mikilvægt er að huga að framtíðinni og hafa skýr markmið um að innviða-uppbygging haldist í hendur við fjölgun íbúa. Meirihluti Okkar Hveragerðis og Framsóknar horfa björtum augum á framtíðina enda eru tækifærin fjölmörg. Það er kappsmál meirihlutans að þjónusta íbúa Hveragerðis sem best. Áhersla er lögð á fjölskylduna og ekki síst barnafjölskyldur, hér séu öflugar menntastofnanir, fjölbreytt atvinnulíf, gott íþrótt- og frístundastarf, heilsuefling íbúa á öllum aldri í hávegum höfð og að ferðapjónusta og menningin haldi áfram að blómstra í fallegrí náttúrunni í Hveragerði.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, formaður bæjarráðs og oddviti Framsóknar í Hveragerði



Ljósmynd: Hveragerði myndabær/Guðmundur Erlingsson.

ADALSKODUN

Nýtt ár, nýr miði!

Eyravegur 51,
800 Selfoss
Sími 590-6996

Selfoss • Hôtel Selfoss
22. janúar 17:00

Samtal um stefnu í málefnum innflytjenda

Discussion on policy on immigrant matters

Dyskusja na temat polityki imigracyjnej

Þín skoðun skiptir máli
Your views matter
Twoja opinia ma znaczenie

Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið

Meirihluti Framsóknar og Okkar Hveragerðis leggur ríka áherslu á velferð fjölskyldunnar. Sem liður í því markmiði verður haldið áfram að lækka gjöld fyrir leikskólavist. Gert er því ráð fyrir að alls þrjár klukkustundir verði fríar nú í haust 2024. Leikskólagjöld hafa jafnframt lækkað um 4% frá síðasta kjörtímabili en vísalta hefur hækkað um 12%. Frístundastyrkur verður hækkaður úr 32.000 kr. í 38.000 kr. Frístundastyrkur hefur hækkað um 46% frá fyrra kjörtímabili. Stefnt er að því að lækka leikskólagjöld og hækka frístundastyrk í enn frekari skrefum á númerandi kjörtíma.

Framkvæmt til framtíðar

Afram verður haldið í innviða-uppbyggingu. Gert er ráð fyrir

Krefjandi aðstæður til dýpkunar Landeyjahafnar í vetur

Veður einkennist af austlægum áttum

Árið 2023 voru fjarlægdir að 340 þúsund rúmmetrar af sandi í og við Landeyjahöfn sem er hundrað þúsund rúmmetrum meira en árið 2022. Prátt fyrir það hefur Landeyjahöfn verið ófær að hluta eða öllu leiti, vegna dýpis eða veðurs, 134 daga árið 2023 samanborið við 108 daga árið á undan. Skýringin felst í mun meiri efnissöfnun við höfnina vegna stöðugr austan öldu.

Haustið 2023 hefur verið heldur óvenjulegt við Suðurströndina. Það hefur einkennst af stöðugri austan öldu sem hefur í för með sér tölувert meiri efnisflutning framan við Landeyjahöfn en í venjulegu ári. Reynslan sýnir að í austanátt safnast mun meira efni í kerfið í kringum Landeyjahöfn vegna aurburðar við ós Markarfljóts. Þá vegur einnig þungt að ós Markarfljóts hefur færst til og er í dag mun nær höfninni en áður. Undanfarin ár hefur Markarfljótið verið í um tveggja til tveggja og hálf kílómetra fjallægð frá höfninni en er í dag einungis í um eins kílómetra fjarlægð.

Vegagerðin samdi við Björgun um vetrardýpkun í Landeyjahöfn en stefnan er ávallt að halda höfninni opinni eins lengi og hægt er. Björgun var lægstuþjóðandi í útboði og hafði auk þess keypt skipið Álfnes sem er afkastamikið skip og uppfyllir útboðskröfur. Nokkur vandamál hafa komið upp varðandi skipið sem líklega má rekja til skorts á nauðsynlegu viðhaldi hjá fyrri eiganda. Að sögn Björgunar sér fyrir endann á þeirri stöðu enda hefur mikil viðhald farið fram á skipinu.

Í útboði Vegagerðarinnar var gert ráð fyrir að afkastamikið dýpkunarskip ætti að geta opnað höfnina á einum til tveimur dögum með því að dæla upp um 12 þúsund rúmmetrum á sólarhring. Afköst allra dýpkunarskipa verða hins vegar takmörkuð þegar grunnt er í höfninni og sæta þarf færir milli flóðs og

fjöru. Þannig getur skipið að eins unnið sex tíma á dag þegar dýpið er um 3,5 til 4 metrar og gefur auga leið að það minnkar afkastagetuna. Annar þáttur sem hefur áhrif er að á flóði, þegar hægt er að dýpka, siglir Herjólfur tvær ferðir í höfnina. Í hvert sinn þarf dýpkunarskipið að víkja fyrir ferjunni og tekur það ferli um klukkustund.

Dýpkunarskipið getur ekki athafnað sig þegar ölduhæð er yfir 1,5 m, vindur yfir 10 m/s og þarf að sæta lagi milli flóðs og fjöru þegar dýpi í hafnarmynnini er undir 5 m. Um leið og dýpi er meira en fimm metrar og veður ásættanlegt eru afköst Álfnessins fullnaegjandi.

Gagnrýnt hefur verið að dýpkunarskipið hafi ekki verið við í Landeyjahöfn í haust þegar fyrstu lægðirnar gengu yfir og höfnin fylltist af sandi. Það kom starfsfólk hafnadeildar Vegagerðarinnar á óvart hversu hratt höfnin fylltist í þessum austlægu áttum, en það gerðist mun hráðar en fólk hafði áður séð. Aðstæður í höfninni voru mjög góðar fyrir þessa lægð og ekki þótti ástæða til að hafa áhyggjur af henni. Dýpkunarskipið var því í upphafi tímabilssins í verkefni á Ísafirði og var ekki kallað til fyrri en ljóst var í hvað stefndi.

Bent hefur verið að auka þurfi kröfur um við hvaða skilyrði dýpkunarskipið geti athafnað sig. Slíkt er ekki hægt og byggist það á reynslu þriggja reynslumikilla dýpkunarverktaka, JDN, Rhoede Nielsen og Björgun. Vegagerðin fylgist að auki stöðugt með hvort verktaki sé við störf þegar viðrar til dýpkunar.

Gagnrýnt hefur verið að dýpkunarskipið liggi við bryggju í Þorlákshöfn sem lengi viðbragðstíma. Það er mat sérfræðinga Vegagerðarinnar að svo sé ekki. Með góðum veðurspám er vitað með nokkrum fyrirvara hvenær veðurgluggi gefst til dýpkunar og því hægt að senda skipið til Landeyjahafnar í tæka tíð.

Vegagerðin



Ljósmynd: Vegagerðin.



SUB EHF
HLJÓÐ - LJÓS - MYND
ALLT SEM VIÐKEMUR TÓNLIST

subkerfi@gmail.com 8467713



Guðmundur Jónssonar frá Björk.

Innilegar þakkar fyrir hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar sambýlismanns míns, bróður okkar og frænda,

Katrín Vestmann Póroddsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Gréta Jónsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir **Jóhann V. Helgason**
Sigurður Jónsson **Anna Kristín Gunnarsdóttir**
og systkinabörn

Orlofshús Bárunnar stéttarfélags um páska 2024



Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir páskavikuna 27. mars – 3. apríl 2024.

Umsóknarfrestur er frá 18. janúar til 15. febrúar nk. Hægt er að sækja um á Orlofs-síðu Bárunnar eða í síma Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna, 480 5000.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 16. febrúar nk. **Öllum umsóknum verður svarað.**

Verð á vikudvöl í Þverlág 2, 4 og 6, Gryluhrauni og orlofsíbúð á Akureyri er 22.000 kr. (24 punktar).

Leigutímabil er frá miðvikudegi til miðvikudags.

Báran, stéttarfélag
Austurvegi 56, 800 Selfoss
sími 480 5000 - baran@baran.is
<https://www.baran.is>



Akstur er dauðans alvara

Ók niður vegprest í Ölfusinu

Á dögunum henti það undirritaðan að keyra niður umferðaskilti í Ölfusinu. Var á heimleið í svarta myrkri, rigningu og þoku, svo kom augnablikid eða augnakastið sem aldrei verður tekið til baka, eins og Einar Benediktsson sagði í ljóðinu: „Ég keyrði á skiltið og af varð mikið högg.“ Á hundrað metra millibili eru vegvísar annarsvegar niðri Kirkjuferju til hægri og upp að Sogni til vinstrí þá maður er á austurleið. Vestan Helliseiðar er samskonar vegvísir sem beinir umferð á Þorlákshafnarveg til hægri á austurleið.

Oft höfðum við hjónin rætt okkar á milli að eitthvað meira þyrti að gera á þessum stöðum, þarna væru slysaþættur og kynnu þessir vegvísar að valda ökumönnum óöryggi og væru slysaþylrur. Þegar ég tilkynnti óhappið hér á löggreglustöðinni hafði löggreglukkanor orð á því við mig að hún hefði hugleitt að þarna kynnu að vera slysaþættur



á nýja veginum, og koma þyrfti til skýrari merkinga til að draga úr slysaþættu, skiltin væru ruglingsleg fyrir ökumenn. Undir þetta tóku svo starfsmenn Vegagerðarinnar.

Ég bind vonir við að þetta óhapp mitt verði til þess að Vegagerðin komi með úrbætur á öllum þessum vegamótum. Hringtorg hefði sennilega verið besta lausnir þarna í Ölfusinu. Akstur er dauðans alvara, eitt ber þó að þakka að á síðustu

árum hefur Vegagerðin, Umferðarstofa í samráði við stjórnálamenn og ekki síður tryggingafélögini bætt umferðamenningu og slysaþylrur verið lagfæðar. Og svo er ökukennsla unga fólksins til fyrrmyndar. Hinn tvibreiði vegur frá Reykjavík á Selfoss hefur þegar forðað mörgum ferðamönnum frá dauða eða limestingum. Hvert mannslíf sem umferðin kostar er samfélagini dýrt.

Guðni Ágústsson



Snjalltæki í einkaeigu bönnuð í Grunnskólanum Hellu

Grunnskólinn Hellu varð símalaus mánudaginn 15. janúar sl. Eftir miklar umræður ákváðu stjórnendur skólast að fela skólaráði að kanna hug foreldra og starfsmanna skólast til þeirra mála. Í skólaráði sitja fulltrúuar nemenda, foreldra, kennara, annarra starfsmanna og stjórnenda. Lögð var fyrir viðhorfskónnun þar sem spurt var um hvaða útfærsla á breyttum skólastreglum hugnaðist fólk best og hvernig útfærslu fólk sái fyrir sér ef skólinn yrði símalaus. Í ljósi niðurstaðna könnunarinnar og vitundarvakningar varðandi notkun snjalltækja komst skólaráð að þeirri niðurstöðu að notkun snjalltækja í einkaeigu nemenda verði bönnuð í Grunnskólanum Hellu.



Vegleg peningagjöf til lyflækningadeildar

Skömmu fyrir áramót tók Deildarstjóri Lyflækningadeilda HSU, Anna Björk Ómarsdóttir, við veglegri peningagjöf frá Rebekkustúku nr. 9 Þóra á Selfossi, fyrir hönd Lyflækningadeilda.

I tilkynningu frá HSU segir að gjöfin verði nýtt til þess að innréttá rými sem skapaðist fyrir ofan móttöku við nýlegar

húsnaðisbreytingar og sé það rými hugsað fyrir aðstandendur og sjúklinga. Þá segir að það sé starfsfólk afar dýrmætt að geta boðið skjólstæðingum upp á að geta bæði breytt um umhverfi og að komast í næði, ef þörf krefji.

Rebekkustúku nr. 9 eru færðar gærar þakkir frá HSU fyrir ómetanlega gjöf.

Gáta vikunnar

Vísagáttur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókáútgáfan HÓLAR

Í sjávarroki erfið enn,
eftir bíða spilamenn.
Hestur stundum hana fær,
hún er jólabörnum kær.

Svar við gátu í blaði 2734: KRÓNA
1. Króna, peningur - 2. Laufkróna
3. Borkróna - 4. Króna á tönn



Sunnlenski matgæðingurinn



Málfriður Erna Samúelsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Erna Samúelsdóttir is a chef and food writer from Iceland. She is known for her expertise in traditional Icelandic cooking and has written several books on the subject. She is currently the food editor for the newspaper Sunnlenski matgæðingurinn.



Mömmubollur

Hakk (ca 500 gr)
Ritz kex eða tuc kex
Eitt egg
Rifinn ostur
Salt og pipar
Bolognese-sósa með hvítlauk og tómat
Spaghetti

Þetta er ekki í neinum sérstökum hlutföllum heldur meira verið að dassa og nota það kex sem er til, hef líka notað brauðmylsnu. Setjið hakkið í skál. Mylið kexið og bætið úti ásamt einu eggí rifnum osti, salt og pipar. Hnoðið þessu saman með höndunum og mótið bollur. Ég hef reynt að hafa þær 12. Setjið þær svo í eldfast móti. Yfir bollurnar er síðan sett Bolognese-sósan með hvítlauk og tómat. Ég nota tvær krukjur af sósunni, hún er svo góð. Þetta er svo sett inn í 180°C heitan ofn í ca

Langar að lokum að skora á hana mágkonu mína Birnu Áðalheiði Árdal Birgisdóttur að vera matgæðingur næstu viku. Hún er alltaf að útbúa eitthvað í eldhúsini, hvort sem það er frá grunni eða fljótegt og gott.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Banaslys við Skaftafell



Ljósmynd: Freepik.

L aust fyrir klukkan 10, föstugdaginn 12. janúar sl., voru tveir erlendir ferðamenn úr

skurðaðir látnir á vettvangi, eftir að tvær bifreiðar sem komu úr gagnstæðri átt skullu saman á þjóðvegi 1, skammt frá afleggjaranum að Skaftafelli. Áttu voru í bílunum og sex voru fluttir minna slasaðir til aðhlynnigar að Landspítalann í Fossvogi með þyrlum Landhelgisgæslunnar.

I tilkynningu frá löggreglunni á Suðurlandi segir að hópslysáætlun hafi verið virkjuð eftir slysið, en fjölmennt lið björgunarfolks frá sjúkraflutningum, slökkviliðum, björgunarsveitum og löggreglu fóra vettvang ásamt tveimur þyrlum Landhelgisgæslunnar.

Löggreglan á Suðurlandi fer með rannsókn málssins.

Upptakturinn sleginn á Suðurlandi

Í ár stendur sunnlenskum börnum og ungmennum í 5. – 10. bekk til boða að taka þátt í Upptaktinum. Upptakturinn, tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna gefur ungu fólk i tækifæri til að senda inn eigin tónsmíð og móta hana svo úr verði fullskapað tónverk sem flutt er í Hörpu í samstarfi við nemendur Listaháskóla Íslands og atvinnutónlistarfólk. Tónleikar Upptaktsins fara fram á opnunardegi Barnamenningarhátiðar í Hörpu 24. apríl 2024. Upptakturinn er árviss viðburður á vegum Hörpu sem nú er haldinn í tólfsta sinn. Alls hafa 135 tónverk verið flutt eftir um 200 þátttakendur. Árlega eru sendar inn um það bil 90 tónsmíðahugmyndir sem valnefnd velur úr.

Upptakturinn hlaut alþjóðlegu verðlaunin YAMawards fyrir besta tónlistar- og þátttökuvirkfnið 2022. Umgmenni í 5.-10. bekk geta sent inn hugmyndir að tónsmíðum í því formi sem þau kjósa, á upptöku eða með hefðbundinni eða óhefð-

bundinni nótmaskrif. Áhersla er lögð á að styðja þau í fullvinnslu hugmyndar, en ungmennin sem komast áfram taka þátt í tónlistarsmiðju með nemendum í skapandi tónlistarmiðlun við Listaháskóla Íslands, auk þess að vinna að útsetningum undir leiðsögn nemenda tónsmíða-deldar. Að þessu ferli loknu er nýtt tónverk flutt af nemendum LHÍ og atvinnutónlistarfólk, tekið upp og sýnt á RÚV.



Ljósmynd: Harpa.

Hugmyndir skulu berast ekki seinna en 21. febrúar á netfangið upptakturinn@gmail.com með nafni höfundar, aldry, símanúmeri, tölvupóstfangi, grunnskóla, titli verks og verkinu á nótum og/eða MP3 hljóðskrá.

Nánari upplýsingar á harpa.is/upptakturinn.

SASS

Ðaðalfundur

Hestamannafélagsins Ljúfs

verður haldinn í Félagsheimili Ljúfs, fimmtudaginn 1. febrúar 2024 kl. 20:00.



Dagskrá fundarins:

- Kosning þriggja stjórnarmeðlima og eins varamanns í stjórn.
- Breyting á lögum Hmf. Ljúfs, sjá breytingatillögu á heimasíðu Ljúfs: www.ljufur.is
- Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórn Hmf. Ljúfs

Nýtt judo ár allir velkomnir í judo



Sjá upplýsingar á heimasíðu jsjudo.is
jsjudo@jsjudo.is 790 2132 / 893 4334
Selfossi - Eyrarbakka - Hvolsvelli

Til sölu/leigu, Háheiði 15 Selfossi.

Opið hús, föstudaginn 19. janúar nk. kl. 15-17.
(Jón, sími 896-3626)



Nýtt iðnaðar-og þjónustuhúsnæði sem skiptist í 13 einingar. Hvert bil er 112,5 m². Húsið er tilbúið til afhendingar.

Upplýsingar um húsnæðið gefur Jón í síma 896-3626, jon@aflvelar.is. Upplýsingar einnig á: mbl.is/fasteignir



Frá Árborgarprestakalli

Verið öll hjartanlega velkomin til helgihalds og safnaðarstarfs í á nýju ári.

Guðspjónustur og messur eru alla sunnudaga í prestakallinu. Næsta sunnudag, 21. janúar, verður messað í Eyrarbakkakirkju kl. 11, í Gaulverjabæjkarkirkju kl. 14 og í Selfosskirkju kl. 20.

Priðjudagssamverur í Selfosskirkju hefjast að nýju 23. janúar kl. 14 og verða aðra hverja viku fram að páskum. Gestur samverunnar að þess sinni verður Sigurjón Erlingsson múnarameistari og fv. sóknarnefndarmaður Selfosskirkju.

Morgunbærir og morgunkaffi eru í kirkjunni alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 9:15.

Barna- og æskulýðsstarfið er einnig hafið á nýju ári og eru allir velkomnir. Sjá nánar á selfosskirkja.is og Barnastarf Selfosskirkju á facebook.

Fermingarfraðsla fer fram aðra hverja viku í Selfosskirkju og mánaðarlega í Eyrarbakkakirkju og Villingaholtskirkju.

Guð gefi okkur öllum friðsælt og gæfuríkt ár.





Nýjar fréttir á
hverjum degi!



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst
eftifarandi tillaga vegna deiliskipulags í Rangárþingi
eystra.*

Austurvegur 14 - Deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir 1-3 hæða hótelbyggingu með 282 gistiherbergjum ásamt sýningar- og ráðstefnusal. Hámarks byggingarmagn fer úr 6.000 m² úr 14.000 m², nýtingarhlutfall fer úr 0.19 í 0.46 og fjöldi bílastæða fer úr 158 í 220.

Rauðuskriður - Deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 25 gestahúsum til útleigu til ferðamanna, fjórar frístundalóðir og lóð fyrir nýtt íbúðarhús. Gestahús verð 15 m² með hámarks 3,5 m. mænishæð, íbúðarlóðin heimilar 200 m² íbúðarhús, bílskúr og allt að 50 m² garðhysi, hámarks byggingarmagn lóðar má vera allt að 1.000 m² og mænishæð 6 m. Á frístundarlóðunum er heimilt að byggja allt að 180 m² á hverri lóð, eitt frístundarhús, gestahús, geymslu og gróðurhús. Hámarks mænishæð er allt að 4 m.

Ofangreinda deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 17. janúar 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmunu að gæta er gefinn kostur að gera athugasemd við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemd til og með 28. febrúar 2024. Athugasemnum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er
aðalskipulagstillaga auglýst í Rangárþingi eystra*

Rauðuskriður - Aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 32,3 ha. landbúnaðarlandi (L1) í verslunar- og þjónustusvæði (þV).

Ofangreind skipulagstillaga verða kynntar fyrir almenningu með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarembætti Rangárþings eystra, miðvikudaginn 31. janúar 2024 kl 10:00 til 12:00, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Að auki er hægt að nálgast skipulagslýsingarnar á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 17. janúar 2024 með athugasemdarfrest til og með 28. febrúar 2024. Athugasemnum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra

Þóra Björg Ragnarsdóttir

Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

Sólarhringsvaktir lögreglu í Rangárþingi frá áramótum

Þær breytingar áttu sér stað nú um áramót að varðsvæði lögreglustöðvanna á Selfossi og Hvolsvelli voru sameinuð í eitt öflugt varðsvæði á sólarhringsvöktum. Í tilkynningu frá lögreglanum á Suðurlandi segir að þetta séu ákveðin tímamót, þar sem sólarhringsvakt hafi aldrei áður verið á Hvolsvelli, en að markmið breytingarinnar sé að bæta þjónustu, efla viðbragð og eftirlit lögreglu á svæðinu öllu og stytta útkallstíma.



HSK/SELFOSÍ Íslandsmeistarar unglings

Líð HSK/Selfoss varð Íslandsmeistari á Unglingameistaramóti Íslands sem haldíð var í Reykjavík 13.-14. janúar sl. Lið HSK/Selfoss sýndi mikla yfirburði á mótinu en liðsfélagar HSK/Selfoss höluðu alls inn 320,5 stigum á mótinu. Lið HSK/Selfoss sigrði í þremur aldursflokkum. Piltar 16-17 ára og piltar 18-19 ára sigrðu sína flokka auk þess sem stúlkur 15 ára unnu einnig sinn flokk. Stúlkur 16-17 ára og 20-22 ára enduðu í öðru sæti. Hér fyrir neðan má sjá einstakan árangur hjá keppendum UMF. Selfoss sem stóðu sig fráberlega og náðu mörgum Íslandsmeistaratalum.

15 ára stúlkur: Bryndis Embla Einarsdóttir varð tvöfaldur Íslandsmeistari, hún sigrði í stangarstökki þegar hún vippaði sér yfir 2,30m og hún varpaði einnig lengst allra í kúlu þegar hún kastaði kúlunni 10,78m. Hún hlaut síðan tvenn bronsverðlauna, bæði í þrístökki og í 4x200m boðhlaupi. Arndís Eva Vigfúsdóttir hlaut silfurverðlaun í kúluvarpi og í 4x200m boðhlaupi vann hún til bronsverðlauna í 60m grindaðlaupi.

og í 4x200m boðhlaupi.

16-17 ára stúlkur: Hugrún Birna Hjaltadóttir varð Íslandsmeistari í langstökki þegar hún stökk 5,27m. Hún stökk til silfurverðlauna í þrístökki og þrenn bronsverðlaun komu í hennar hlut, í 400m hlaupi, í 60m grind og í 4x200m boðhlaupi. Ísold Assa Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari í stangarstökki þegar hún sveif yfir 2,70m, hún vann til silfurverðlauna í kúluvarpi og hún vann til þriggja bronsverðlauna, í þrístökki, hástökki og í 4x200m boðhlaupi. Arna Hrönn Grétarsdóttir vann til silfurverðlauna í stangarstökki og hlaut bronsverðlaun í hástökki og í 4x200m boðhlaupi.

18-19 ára piltar: Sara Mist Sigurðardóttir

vann til tvennra silfurverðlauna, í 1500m og 3000m hlaupi og hún vann til bronsverðlauna í stangarstökki.

18-19 ára stúlkur: Hanna Dóra Höskuldsdóttir vann til bronsverðlauna í 60m grindaðlaupi.

20-22 ára stúlkur: Sunna Mariána Kjartansdóttir varð þrefaldur Íslandsmeistari, í 200m hlaupi á timanum 29,20s, í langstökki með 4,41m og í þrístökki er hún stökk 9,28m. Hildur Helga Einarssdóttir varð Íslandsmeistari í kúluvarpi er hún hljóp á 8:35,02 mín en fyrra metið var í eigu Söru Mistar Sigurðardóttir og var 9:06,15min

Íslandsmeistari, í langstökki þegar hann stökk 6,32m, í þrístökki sveif hann 12,63m og að lokum í kúluvarpi með því að kasta kúlunni 14,31m. Hann vann einnig til þriggja silfurverðlauna, í hástökki, stangarstökki og í 4x200m boðhlaupi. Þorvaldur Gauti Hafsteinsson varð Íslandsmeistari í 800m hlaupi á tímanum 2:00,91mín og batti um leið eigið HSK met í 2 aldursflokkum, 16-17 ára og 18-19 ára en fyrra metið var 2:01,55mín. Artur Thor Pardej hlaut silfurverðlaun í 3000m hlaupi og Vésteinn Loftsson vann til silfurverðlauna í 4x200m boðhlaupi og bronsverðlauna í þrístökki.

18-19 ára piltar: Daníel Breki Elvarsson varð Íslandsmeistari í 60m grindaðlaupi á tímanum 10,02s. Hann vann til silfurverðlauna í hástökki og langstökki og að lokum vann hann til bronsverðlauna í 400m hlaupi og 4x200m boðhlaupi. Hreimur Karlsson vann til silfurverðlauna í 60m grindaðlaupi og í 4x200m boðhlaupi vann hann bronsverðlaun.

Vignir Steinarsson vann til þriggja bronsverðlauna, í hástökki, þrístökki og í 4x200m boðhlaupi og að lokum vann Olgeir Otri Engilbertsson til bronsverðlauna í 4x200m boðhlaupi.

16-17 ára piltar: Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð þrefaldur



Ný verkgreinastofa í ML

Ný rúmgóð verkgreinastofa hefur verið tekin í notkun í Menntaskólanum að Laugarvatni í rýminu sem áður var kallað Brytaíbúð. Reyndar erum við að hefja notkun á ólíkum rýmum þessarar góðu stofu í þrepum; myndlistarkennsla hóf göngu sína í stofunni strax í byrjun janúar og svo bíðum við þess að allar graður verði klárar og uppsettar á næstu vikum fyrir hljóðupptökum. Kennsla í hljóðupptökum fer svo af stað í kjölfarið.

Myndlistarkennsla hefur ver-

ið í höndum Heiðu Gehringer og hljóðupptökur og lagasmíðar hafa verið kenndar af Leó Inga Sigurðarsyni.

Við höfum lengi beðið eftir góðri aðstöðu til kennslu í list- og verkgreinum innan veggja skólans og nú loksns hefur draumurinn ræst. Mikil vinna hefur verið lögð í þetta nýja rími, opna þurfti gólf í austur-enda skólahússins til að nýta stiga sem liggur þar niður á neðstu hæð og er því innangengt í nýju stofuna af tungumálaganginum. Einnig var hjóla-

stólaaðgengi tryggt að nýju stofunni.

Vonir standa svo til að hægt verði að koma upp góðri tækniðstöðu í rýminu þar sem við getum unnið með þrvíddarprentun, vínilprentun eða annað það er hugurinn girnist. Fyrst og fremst vonum við að stofan muni reynast nemendum og kennurum vel í spennandi verkefnum framtíðarinnar.

Jóna Katrín skólameistari



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur



Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og aðalskipulagsbreytingar:

1. Vestur-Meðalholt; Íbúðarbyggð: Deiliskipulag - 2311079

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. desember 2023 að kynna tillögum nýs deiliskipulags vegna Íbúðarbyggðar í Vestur - Meðalholti. Skipulagssvæðið er staðsett suðaustan við Selfoss, milli Gaulverjabærjarvegar og Íbúðarbyggðar í Rima, og er um 20 ha að stærð. Aðkoma er um nýja vegtengingu frá Önundarholtsvegi. Á skipulagssvæðinu eru afmarkaðar 17 lóðir. Stærð lóða er frá 7.499 m² til 21.938 m² og er nýtingarhlutfall lóða skilgreind að hámarki 0,05. Byggingarreitir innan skipulagsins eru merktir B1-B2-B3 og gilda mismunandi heimildir innan þeirra. Innan lóða er almennt heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús auk þess sem heimildir eru fyrir skemmu og gripahúsi. Samhliða hefur verið kynnt tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna málsins.

2. Kálfholt L1.b L208177; Skipting lóðar í 6 búgarða; Deiliskipulag - 2309073

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. október 2023 að kynna tillögum nýs deiliskipulags sem tekur til lands Kálfholts L1.b L208177 í Ásahreppi. Gert er ráð fyrir að skipta upprunajörðinni upp í sex búgarða, 10 - 13 ha að stærð. Á hverjum búgarði verði heimild til að byggja íbúðar- og útihús.

3. Bitra land L200842; Landbúnaðarlóðir; Hótel og smáhýsi; Deiliskipulag - 2307047

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. janúar 2024 að kynna tillögum nýs deiliskipulags sem tekur til svæðis Bitru lands L200842. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á fjórum landbúnaðarlóðum og fjórum verslunar- og þjónustulóðum. Á landbúnaðarlóðunum er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi s.s. gestahúsi, gróðurhúsi, hesthúsi og/eða geymslu/skemmu. Á verslunar- og þjónustulóðunum er gert ráð fyrir heimild fyrir allt að 100 herbergja hóteli með gistríymi fyrir allt að 200 gesti. Ænn fremur er gert ráð fyrir um 30 smáhýsaeiningum að 70 fm þar sem geti gert allt að 120 gestir. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu má ekki fara umfram 0,05. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

4. Bitra land L200843; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2302064

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. janúar 2024 að kynna tillögum aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bitru lands L200843 í Flóahreppi. Alls er um að ræða um 43 ha land sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggðar (F21). Í breytingunni felst að 30 ha af svæðinu verði skilgreindir sem landbúnaðarsvæði og um 13 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er að fylgja íbúum sveitarfélagsins og þar með nýta betur þá þjónustu og innviði sem fyrir eru s.s. vegakerfi og veitur. Einnig að koma til móts við vaxandi eftirlspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli á stórum lóðum með möguleika á aðstöðu fyrir t.d. hesta, trjárækt o.p.h. Þá sé markmiðið með verslunar- og þjónustulóðum að auka kosti í þjónustu og ferðapjónustu í sveitarfélagini. Á staðnum verði miðað að því að þar verði hægt að taka á móti stærri hópum í einu en skortur sé á slíkri aðstöðu í sveitarfélagini. Samhliða er lagt fram deiliskipulag sem tekur til svæðisins.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst tillöguraðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlana:

5. Útey 1 L167647; Verslunar- og þjónustusvæði, stækkuð og breytt lega frístundasvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2306076

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 6. desember 2023 að auglýsa tillögum aðalskipulagsbreytingar er varðar Útey 1. Í breytingunni felst að frístundasvæði F32 verði stækkuð og afmörkun þess breytist, frístundasvæði F33 er fellt út úr aðalskipulagi. Þá verða sett inn tvö verslunar- og þjónustusvæði, Vþ48, fyrir ferðapjónustu þar sem gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 180 gesti ásamt baðaðstöðu og Vþ49 þar sem gert er ráð fyrir ýmiss konar atvinnuuppbyggingu s.s. verslun, safni og gróðurrækt. Felld eru út tvö efnistökusvæði E26 og E27. Í deiliskipulagi verður gerð nánari grein fyrir uppbyggingu m.a. lóðaskipan, byggingarskilmálum og öðrum ákvæðum í samræmi við breytt aðalskipulag.

6. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032, íbúðarsvæði ÍB2 og Miðsvæði M1, Borg í Grímsnesi, breyttir skilmálar - 2303045

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. desember að auglýsa tillögum aðalskipulagsbreytingar sem tekur til íbúðarsvæðis ÍB2 og miðsvæðis M1. Í breytingunni felst endurskoðun afmörkunar og skilmála fyrir ÍB2. Endurskoðun afmörkunar og skilmála M1 og breytt afmörkun aðliggjandi svæða til samræmis við breyttar áherslur innan skipulagssvæðisins sem ofangreindir landnotkunarflákar taka til.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar.

7. Eystri-Loftsstaðir 9 L227154; Íbúðarhús, útihús o.fl.; Deiliskipulag - 2312006

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. janúar 2024 að auglýsa tillögum nýs deiliskipulags á landi Eystri-Loftsstaða 9 L227154 í Flóahreppi. Um er að ræða 5.3 ha land þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss auk þrigga aukahúsa s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús, skemmu/geymslu. Hámarks byggingarmagn innan reitsins er 900 fm.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatn á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefsíðóinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is www.blaskogabyggd.is www.floahreppur.is og www.gogg.is Mál 1 - 4 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 18. janúar 2024 með athugasemda til og með 9. febrúar 2024. Mál 5 - 7 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 18. janúar 2024 með athugasemda til og með 1. mars 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatn eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Hannyrðahornið

Arneyjarpeysa

Gleðilegt ár kæru prjónarar! Hannyrðabúðin er mætt aftur til leiks eftir nokkurt hlé og vonum við að það gleðji ykkur.

Uppskriftin að þessu sinni er lopapeysa, hlý og góð fyrir vetrardaga. Við leikum okkur að því að blanda saman tvöföldum plötulopa og mohair, þannig að peysan er úr lopa en mynstrið úr mohair. Við notum mislitan fjögurra þráða mohair frá Rico sem heitir Fashion Fabulous 4 en auðvitað má velja saman 4 liti af finu mohairgarni til að fá sömu áferð. Peysan er prjónuð neðanfrá og upp.

Við minnum á að allar uppskriftirnar okkar eru fáanlegar í Hannyrðabúðinni og þar má einnig sjá prjónuð sýnishorn af þeim öllum.

Stærðir: 2ja - 4ra - 6 - 8 - 10 ára.

Efni: 2-3-3-4-4 plötur plötulopi, 1 dk Fashion Fabulous í allar stærðir, prjónar nr. 5,0 og 6,0 - sokkaprjónar og hringprjónar 60 cm og 40 cm, prjónanælur.

Skammstafanir:
1 - lykkja, sl - slétt lykkja.

Bolur:

Fitjið upp á prjóna nr. 5 með mohairgarni 86-90-98-106-114 l, tengið í hring og prjónið eina umferð stroff, 1 sl, 1 br. Skiptið yfir í tvöfaldan plötulopa og prjónið áfram stroff, 5-6-6-7-7 umf. Skiptið yfir á prjóna nr. 6 og prjónið slétt. Athugið að í fyrstu umferð er aukið út um 2 l í öllum stærðum jafnt yfir prjóninn. Prjónið slétt þar til bolurinn mælist 25-29-33-37-41 sm.

Ermar:

Fitjið upp á prjóna nr. 5 með mohairgarni 22-24-26-28-30 l, tengið í hring og prjónið stroff eins og á bol. Skiptið yfir á prjóna nr. 6 og prjónið slétt.



Athugið að í fyrstu umferð er aukið út um 2-2-2-4-5 l jafnt yfir prjóninn. Prjónið mynstur samkvæmt teikningu en gætið þess vel að sleppa umferðum þar sem við á eftir stærðum.

Þegar mynstri er lokið eru 51-54-60-63-69 l á prjóninum. Skiptið nú yfir á prjón nr. 5,0 og prjónið stroff með lopa; 1sl, 1 br 4-5-5-6 umf, skiptið þá yfir í mohair og prjónið eina stroff-umferð með því. Fellid laust af með mohair.

Axlastykki:
Prjónið 39-41-45-48-53 l af bol, setjið næstu 5-5-5-6-6 lykkjur á prjónanælu, prjónið fyrri ermi við (29-31-35-36-39 l), prjónið 39-41-45-48-53 l af bol, setjið næstu 5-5-5-6-6 lykkjur á prjónanælu, prjónið seinni ermi við. Nú eiga að vera alls 136-144-

160-168-184 l á prjóninum. Prjónið mynstur samkvæmt teikningu en gætið þess vel að sleppa umferðum þar sem við á eftir stærðum.

Lykkjið saman í handvegi og gangið frá endum. Þvoið úr mildu sápuvatni og leggið til þerris.

Uppskrift.
Þóra Þórarinsdóttir





Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Allar uppskriftir Hannyrðahornsins eru aðgengilegar inni á DFS.is

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS



> Prjónið tvær lykkjur saman

< Prjónið tvær lykkjur saman

Stærð 2: sleppið umferðum 4, 8, 10, 15, 21, 29 og 36

Stærð 4: sleppið umferðum 10, 15, 21, 29 og 36

Stærð 6: sleppið umferðum 10, 15 og 21

Stærð 8: sleppið umferðum 10 og 21



VIÐ ERUM FRAMÚRSKARANDI!!

Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- **Reynslumikil á sínu sviði**
- **Gæða þjónusta**
- **Áreiðanleiki**
- **Græn þjónusta**



Umbúdir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

📍 Lyngháls 1, 110 Rvk • 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss • 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri • 4 600 700
✉️ prentmetoddi.is



JAFNLAUNAVOTTUN

ÞJÓNUSTA



KJARNA BÓKHALLD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglysingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



FÉLAGSSTÖRF



SKrifstofa FEBSEL

Opin fimmtudaginn 18. janúar kl. 13:14:30.

OPIÐ HÚS

Fim. 18. janúar kl. 14:45.
Mjólkurbúshverfið.
Ólafur Sigurðsson segir frá fólkini og húsunum í malí og myndum.
Kvenfélagið annast kaffi að venju.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlaufundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfossi.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn

Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, eftir hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingsar - Réttigar Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJA

Árborgarprestakall
Guðspjónustur og messur eru alla sunnudaga í prestakallinu. Næsta sunnudag, 21. janúar, verður messað í Eyrarbakkakirkju kl. 11, í Gaulverjabækjarkirkju kl. 14 og í Selfosskirkju kl. 20.

Skálholtsdómkirkja
Lesmessa kl. 11. Prestspjónusta Axel Á Njarðvík. Verið velkomin.

Hveragerðiskirkja
Guðspjónusta kl. 11. Sr. Ninna Sif Svavarðóttir bjónar. Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsóknar syngur, organisti Miklós Dalmay.

Kotstrandarkirkja
Guðspjónusta kl. 14. Sr. Ninna Sif Svavarðóttir bjónar. Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsóknar syngur, organisti Miklós Dalmay.

FUNDIR

Vöfflukaffi

Vöfflukaffi haldið á laugardaginn 20. janúar kl. 11-12 að Eyravegi 15. Gestur verður Hafðís Hrönn Hafsteindsdóttir alþingiskona. Minnum líka á spilakvöldin alla mánuðaga kl. 19:30 á sama stað.


HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildraen með-höndlun



Jákvæðar hugsanir breyta deginum

Ragnhildur Sigurðardóttir
Farsími 693 2197
ragnhildurgagga.is



Cand.mag. í íþróttfræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistar, Hugrann afterlisméðferð, meta medicine.

Með Dáleiðslu má vinna að úrbótum ýmiskonar vandamála, líkamlegra sem andlegra. Það má líka fara aftur í tímann og sjá löngu liðna atburði, hætta reykingum og margt annað.

- Ég er líka með augnlestur en með honum má sjá ástand viðkomandi, líkamlegt og andlegt. Þessu fylgja ráð um hvernig breita má hlutum til betri vegar.

- Er einnig með Nudd og svæðanudd -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði s. 8981501



Ljósmynd: Freepik.

Hver verður Suðurlandsmeistari 2023?

Suðurlandsmótið í skák verður haldið laugardaginn 3. febrúar í Fischersetri á Selfossi, en áður var því frestað vegna veðurs. Mótið hefst kl. 12:00 og tefldar verða 8 umferðir 15+5 (15 mínútur og 5 sek aukatími á hvern leik).

Fyrir fyrsta sæti í mótinu eru 40.000 krónur 25.000 krónur fyrir annað sæti. 15.000 fyrir þriðja sætið.

Mótið er haldið af Skákfélagi Selfoss og nágrennis. Mótsstjóri er Ari Björn Óssursson og skákdómari er Róbert Lagermann.

Öllum er velkomið að taka þátt en aðeins þáttakendur með lögheimili á Suðurlandi geta verið krýndir Suðurlandsmeistari.

Frítt fyrir titilhafa og yngri en 18 ára. Opið er fyrir skráningar.

Brunavarnir Rangárvallasýslu og Landsvirkjun undirrita samstarfssamning

Brunavarnir Rangárvallasýslu og Landsvirkjun undirrituðu samstarfssamning á dögunum. Samningurinn er

til fimm ára og kveður á um samstarf vegna brunavarna á rekstrarsvæðum Landsvirkjunar á þjórsárvæðinu.



ÞJÓNUSTA

Smiður óskar eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald í heimahúsum og summarhúsum á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi eða Hveragerði. Dagvinna, kvöldvinna og/eða helgarvinna. Parket, flissar, samsetning á eldhúsinnréttингum, gips, málun o.fl. Nánari uppl. í síma 777 2265.



HEILDARLAUSNIR Í PRENTUN

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

† Minning um Kristján S. Jónsson



1970. Þegar Kristján létt af formennsku í félagini, er formennsku hans minnst svona af einum fundarmanna, á aðalfundi félagsins, „Kristján hefur gert margt gott fyrir félagið síðan hann tók við formennsku, verið mikil lyftistöng fyrir félagið og rifið það upp úr dvala með áhuga sínum og óbilandi þreki. Hann hefur endurskipulagt alla starfsemi félagsins og gert það að íþróttalegu stórveldi.“

Kristján var sæmdur gullmerki Umf. Selfoss árið 1986 og gerður að heiðursfélaga árið 2007. Hann fylgdist alla tíð vel með félagini sínu og var alla tíð boðinn og búinn að leggja því lið og sem sjálfboðaliði og því starfi þess afar mikilvægur.

Með þessum orðum vil ég fyrir hönd Ungmennafélags Selfoss og allra deilda og félaga þess, að leiðarlökum, þakka Kristjáni fyrir öll hans störf, óbilandi áhuga og aðkomu að starfi félagsins til margra áratuga. Um leið sendum við fjölskyldu hans innilegar samúðarkeðjur.

F.h. Ungmennafélags Selfoss,
Helgi Sigurður Haraldsson
formaður

Við sem höfum starfað með Kristjáni S. Jónssyni,

heiðursfélaga Ungmennafélags Selfoss, á vettvangi ungmannafélagsins langar að minnast hans með virðingu og þakklæti. Kristján var mikill áhugamaður um íþróttir og hafði mikil áhrif á þróun íþróttalífs á Selfossi. Með framgöngu sinni ásamt öðrum var hann einn aðalhvataðurinn að endurreisn ungmannafélagsins árið 1962, en þá hafði starfsemin legið niðri. Frá þeim tíma hefur ungmannafélagið starfað af miklum krafti, vaxið og dafnað með fjölda íþróttareina á sínum vegum. Þetta sama ár var knattspyrnudeildin endurvakin og Kristján kosinn varaformaður. Þáttur Kristjáns í starfi knattspyrnunnar var mikill. Hann skipulagið æfingar og annaðist þjálfun, var knattspyrnudómar og tók að sér forystuhlutverk knattspyrnudeildarinnar, oftar en einu sinni.

Eftir farsælt starf, var hann kjörinn formaður Ungmennafélags Selfoss árið 1965. Hann var í forystu ungmannafélagsins til ársins 1970. Kristján kom ýmsu góðu til leiðar, stóð fyrir námskeiðum ýmis konar sem bættu félagslegan grunn og vann að lagfæringu á fjárhagstöðu félagsins. Árið 1977 var hann kjörinn formaður Héraðssambandsins Skarphéðins og gegndi því hlutverki til ársins 1980. Hann tók við sambandinu á erfiðleikatínum, endurvakti

skjaldarglímu Skarphéðins, stóð fyrir glæsilegu landsmóti UMFÍ á Selfossi 1978 og skilaði af sér sambandinu með bættan fjárhag. Hægt væri að skrifa lengri pistil um störf Kristjáns í þágu íþróttar og æskulýðsmála. En með þessum skrifum og birtingu nokkra mynda úr starfinu viljum við þakka Kristjáni ómetanleg störf.

Við vottum eiginkonu hans Áslaugu Eiríksdóttur og börnum þeirra, Hafðísi, Jóni Birgi og Hrafnhildi og fjölskyldum þeirra innilegar samúðar. Góður drengur er genginn.

Björn Ingi Gíslason,
Kristinn M. Bárðarson og
Bárður Guðmundarson

værum á almennilegum bíl. Ég sótti Stjána og Hafstein og við ókum til Reykjavíkur. Því miður var ég ekki með upptökuvél í gangi á leiðinni, en þeir félagnarir léku á alls oddi og sögðu margar skemmtisögur.

Í viðtalini hjá Marteini sagði Kristján að menn hefðu kannski ekki alltaf verið sammála, en hann leitaði sáttu og málmiðlana. Hann prófaði að vera einræðisherra þegar hann var formaður, en sá fljótt að sú aðferð gekk ekki nágu vel, betra væri að leita samvinnu og samstöðu.

Kristján tók dómarapróf í knattspyrnu 1965, dæmdi viða og var oft línuvörður. Hann var eftirminnlegur sem dómarí, sló stundum á léttu strengi þegar þess þurfti en var röggsmur og sanngjarn.

Þegar saga Umf. Selfoss er skoðuð má sjá hvað Kristján S. Jónsson hefur lagt fram gríðarlega mikið starf. Kristján sagði við mig í hógværð sinni „að hann furðaði sig á því hve margir nenna að leggja á sig alla þá vinnu sem þarf til að íþróttafélögin séu svo óflug sem þau eru. Það hafa margir lagt fram miklu meiri vinnu en ég“.

Félagar í Umf. Selfoss standa í þakkarskuld við Kristján S. Jónsson og kveðja hann með þakklæti og virðingu.

Kristinn M. Bárðarson

Fallinn er frá, heiðursfélagi Ungmennafélags Selfoss, Kristján S. Jónsson. Þegar saga Ungmennafélags Selfoss, er skoðuð, má víða sjá þátt Kristjáns í henni. Hann var alla tíð virkur félagi og mikill stuðningsmaður félagsins, hvort heldur var sem stjórnarmaður, foreldri eða sjálfboðaliði. Á einum stað í 40 ára, afmælisriti félagsins sem kom út árið 1976, segir: „Árið 1960, voru áhugamenn í félagsmálum að koma fram á Selfossi, m.a Kristján S. Jónsson mjólkurbilstjóri, sem síðar varð mikill félagsmálarígarpur innan Umf. Selfoss“. Það má með sanni segja að þarna sé Kristjáni vel list.

M.a var Kristján, formaður knattspyrnudeildar félagsins 1963-1964 og síðar varð hann formaður félagsins árin 1965-



Dómarar: Kristján S. Jónsson, Guðmundur Guðmundsson og Björn Brynjólfsson



Meistaraflokkur Umf. Selfoss ásamt þjálfara og formanni árið 1965.



Meistaraflokkur æfir í snjó veturni 1968-1969. Efri röð f.v.: Kristján S. Jónsson þjálfari, Valdimar Bragason, Sverrir Ólafsson, Ólafur Bachmann, Þorvarður Hjaltason, Smári Kristjánsson, Pétur H. R. Sigurðsson, Þórdur Sigurðsson og Kristján Mikkelsen. Neðri röð f.v.: Gylfi Þ. Gíslason þjálfari og leikmaður, Jakob Gunnarsson, Gunnar Skúlason, Sigurður Eiríksson, Sigurður Grímsson, Gunnar Guðmundsson og Tryggi Gunnarsson. Gylfi og Sverrir eru fyrstu landsliðsmenn okkar í knattspyrnu, en þeir léku með ungingalandslíðinu á Norðurlandamóti í Lathi í Finnlandi 1967.



Styrktu Sjóðinn góða um rúmlega 1,4 milljón króna

Laugardaginn 4. nóvember héldu kvenfélöginn þrjú Flóahreppi basar í félagsheimilinu Þingborg til styrktar Sjóðnum góða. Kvenfélöginn þrjú eru kvenfélög Gaulverjabærjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps. Eftir sameiningu hreppanna þá hafa kvenfélöginn unnið að ýmsum verkefnum saman. Eitt af þeim verkefnum er basar sem hefur verið haldinn annað hvert ár frá árinu 2014 (fyrir utan basarinn 2020 sem frestaðist til 2021 vegna Covids). Valinn er málstöður til að styrkja hverju sinni og í ár ákvádum við að styrkja við Sjóðinn góða.

Að baki basars liggur heilmikil vinna hjá kvenfélagskonum. Hvert félag tilnefnir konur í nefnd sem heldur utanum skipulagið. Kvenfélöginn undirbúa sig með ýmsum hætti, það eru fönd-

urkvöld, vinnustundir og sam-eiginleg baksturskvöld, auch þess sem hver kvenfélagskona gerir ýmislegt heimafyrir til að koma með á basar. Á basar voru ýmsar handgerðar vörur, bæði þrónað, heklað og saumað. Einnig bakkelsi eins og ávaxtamauk, rist-aðar möndlur, kakógerðarpúðar, sultur og fleira. Kökubarar er einn vinsælasti hluti basarsins og alveg sama hvað konur baka mikil alltaf selst það upp á fyrstu tveimur klukkutímunum! Í hluta hússins var sett upp kaffihús og hægt var að kaupa nýbakaðar vöflur og kaffi eða kakó. Langflestir sem komu á basarinn gáfu sér tíma til að setjast niður og njóta góðra veitinga í góðum félagsskap. Eftir farsælan og vel sóttan basar gátum við kvenfélagskonur styrkt Sjóðinn góða um rúmlega 1,4 milljón króna

Á fyrsta basarnum okkar árið 2014 safnaðist 1,3 milljón sem rann til nýrrar göngudeildar vegna nýrna- og krabbameins-sjúklinga á HSu. Árið 2016 söfnuðum við fyrir sjúkrarumi og lyftu fyrir Skammtímavistun Alftarima 2 og sjónvarpi og leikjatölvu fyrir Kotið, fristunda-klúbbi fatlaðra á Selfossi, sam-tals um 1,4 milljón. Ágöðinn af basar 2018 fór í tækjakaup fyrir sjúkrabila HSu fyrir um 1,9 milljón króna. Árið 2021 söfnuðust tæplega 1,2 milljón sem fór í upphbyggingu á nýju endurhæf-ingarúrræði hjá Krabbameinsfélagi Árnессýslu. Það árið var ekki hægt að bjóða upp á vöflusólu vegna Covids.

Við þökkum öllum sem komu á basarinn og styrktu okkur með einum eða öðrum hætti. Sjáumst á næsta basar árið 2025.

Kvenfélag Villingaholtshrepps

Kristín er íþróttamaður Skaftárhrepps 2023

Kristín Lárusdóttir hestakona var útnefnd íþróttamaður Skaftárhrepps 2023 af íþrótt- og tómstundaneft Skaftárhrepps við athöfn í Héraðsbókasafninu á Kirkjubæjar-klaustri þann 6. janúar sl.

Auk Kristínar voru Daníel Smári Björnsson frjálsíþróttamaður og Svanhildur Guð-brandsdóttir hestakona tilnefnd sem íþróttamenn ársins. Daníel Smári Björnsson fækki viðurkenninguna efnilegasti íþróttamaður Skaftárhrepps 2023 og Sigurjón Ægir Ólafsson fækki sérstaka heiðursviðurkenningu fyrir stórlæsilegan árangur í kraftlyftingum á árinu 2023.

Að lokinni verðlaunaafhendingu afhenti Systrakaffi Ungmennafélaginu Ármanni 80.000 krónu styrk sem var ágöðinn af seldum spjöldum á jólabilgingóinum sem haldið var í desember. Þá kíktu tveir fjörgurir jólasevinar við sem sögðust ekkert hafa að gera við penninga og veittu Ungmennafélaginu Ármanni 100.000 krónur sem þeir höfðu í fórum sínum.



Kristín Lárusdóttir. Mynd: Aðsend.

FROST
KÄLKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - PJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



expert kæling

Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

LAGNIR

**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

**VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttningar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HSH

þrif og flutningar ehf
Breidumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com

HSH



Bílverk BA
Par sem fagmennirnar vinna
★★★★★ Vottad verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bílverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

**Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311**
Skrifstofa **þjónustusími**



NYTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**
www.vinnuvelaskolinn.is